

## Vorfundur 2002

Fundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna haldinn í Hlégarði í Mosfellssveit 2. og 3. maí 2002.

Fundarstjóri Marta Hildur Richter, fundarritari Helga Jónsdóttir

Fimmtudagur 2. maí - að loknum aðalfundi Fína félagsins.

### **Framtíðarsýn - framtíðarhlutverk - samvinna safna - heildar stefnumörkun.**

#### **Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður:**

Sigrún Klara talaði um forystuhlutverk Landsbókasafns-Háskólabókasafns (LH), og að tengja þyrfti opinbera stefnumótun við stefnumótun almenningsbókasafna. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar 1995 er að hluta eins og sniðin fyrir bókasöfn í landinu. Með því að taka inn ákveðin atriði úr henni er komin tenging við hana og auðveldara að rökstyðja stefnumótun almenningsbókasafna og framfylgja henni. Þetta eru atriði sem varða upplýsingatækni, jafnrétti til náms, stuðning viðmenningarstarfsemi, aðgang borgaranna að upplýsingum frá stjórnvöldum og samvinnu við fulltrúa atvinnulífsins. Ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að móta heildarstefnu í upplýsingamálum í landinu. Sigrún Klara sagði frá því að nýútkomin væri vísinda- og menntastefna HÍ. Athyglisvert væri að skoða snertipunkta þeirrar stefnu og hugsanlegrar sameiginlegrar stefnu almenningsbókasafna. Sigrún Klara talaði um yfirmarkmið og framtíðarsýn við stefnumótun. Að skráð þekking og upplýsingar eigi að vera svo auðveldlega aðgengilegar að allir Íslendingar geti nýtt sér hvers kyns gögn í starfi og daglegu lífi.

1. Eitt upplýsingaþjónustukerfi fyrir landið. Hvert safn þekkingarmiðstöð síns sveitarfélags/notendahóps.
2. Að bæta og jafna þjónustu við alla landsmenn með samvinnu safnanna. Nýta þarf það sem gert er og óþarf að allir séu að vinna sömu verkefni og finna upp hjólið. Hvert safn er og á að vera þekkingarmiðstöð í sínu sveitarfélagi.

Landskerfið er skref í þessa átt, en engin allsherjarlausn.

3. Meiri hagræðingu þarf en hana þarf að skipuleggja.

Hvert einstakt bókasafn ætti að hafa tengsl við sameiginlega upplýsingavél. Ekki þýðir að bíða eftir því að einhver óski eftir stefnumótun - forstöðumenn þurfa að móta sína stefnu sjálfir. Samvinna allra safna er nauðsynleg. Skilgreina þarf mismunandi notendahópa og skilgreina þarf þjónustu. M.a. fyrir hvað er greitt. Koma þarf á verkaskiptingu, t.d. í lyklun. Skiptast mætti á að hafa opna upplýsingaþjónustu allan sólarhringinn, þ.e. eins konar vaktaskipti. Einnig mætti skipta niður lyklun á dagblöðum og að koma þeim á stafrænt form. Viðkomandi sveitarfélög beri t.d. ábyrgð á að koma héraðsblöðum sínum á stafrænt form aðgengilegt fyrir alla. Þannig er kostnaði dreift og allir njóta góðs af. LH beri ábyrgð á skráningu á íslensku efni, rekstri á rafrænum gögnum og eigi að vera svokallað öndvegissetur, eða center of excellence, á einhverjum ákveðnum sviðum. En hver er framkvæmdaáætlunin og hvar á að byrja?

Sigrún Klara lagði til að hópur forstöðumanna sem á fundinum var, tæki að sér að vinna að stefnumótun sameiginlega og hana væri síðan hægt að hengja á stefnumótun ríkisstjórnarinnar.

#### **Anna Torfadóttir, borgarbókavörður:**

Anna vitnaði í erindi borgarstjóra sem hafði gert að umtalsefni framtíðarborgina með tilliti til skipulags, samsetningar íbúa, tilflutnings fólks. Þessi atriði eiga ágætlega við um almenningsbókasöfnin. Öll hverfi og byggðarlög hafa sín einkenni, en þau breytast og þróast og söfnin þurfa að taka mið af því. Sem dæmi tók Anna Breiðholtshverfið sem var barnahverfi í upphafi en er það ekki í dag. Í ýmsum sveitarfélögum hafa söfnin verið gerð að svokölluðum fræðasetrum héraðsins, og annast m.a. fjarnám. Almenningsbókasafn hefur yfirleitt fastar skoðanir á því hvernig bókasafn á að vera og starfa. Fyrir kemur að starfsmenn séu nokkuð íhaldssamir og haldnir fortíðarþrá. En Anna lagði áherslu á að ekki þýddi að kúra í sinni músarholu, þar sem enginn tekur eftir manni og enginn gerir kröfur; þá moka bara einhver fyrir holuna.

Anna talaði um ýmis aukaverkefni sem söfn sinna: sýningar, kynningar, leshringir, fyrirlestrar, kennsla/fræðsla um netið, kennsla/fræðsla um hvar.is o.s.frv. Þetta þykir mörgum starfsmönnum nokkur fyrirhöfn. En hefðbundin verkefni, útlán og upplýsingaþjónusta, verða áfram þungamiðjan. Hins vegar er erfitt að kynna þau verkefni svo tekið sé eftir, þetta eru ekki viðburðir eða fréttir, heldur líða þessi hefðbundnu verkefni, grunnþjónustan áfram án þess að því sé veitt athygli. Það er mikilvægt að reyna ekki að gera það sem aðrir gera betur og einnig þarf að hafa í huga að verið er að velta almannafé. Starfsmenn safnanna hafa alltaf lagt mikla áherslu á að fylgjast með því sem gerist í

bókasafnasamfélaginu en það ennþá mikilvægara að fylgjast með því sem gerist í samfélaginu, á þjónustusvæði bókasafnsins.

Samstarf verður að vera á jafnræðisgrundvelli. Hver og einn sem tekur þátt í samstarfi þarf að sjá faglegan og fjárhagslegan ávinning af sínu framlagi. Það er ekki hægt að þvinga aðila til að eiga í samstarfi, hver og einn verður að gera upp sinn hug. Anna tók dæmi um velheppnaða samvinnu Borgarbókasafns og bókasafnanna í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, þar sem ávinningurinn er allra. Samstarf bókasafna er mikilvægt, en ekki síður samstarf við aðra, aðrar menningarstofnanir og fræðslustofnanir, ferðamálayfirvöld, íþrótt- og tómstundaráð o.s.frv. Anna sagði frá samvinnu Borgarbókasafns við ýmsar stofnanir.

Menningartengd ferðaþjónusta er uppáhaldsverkefni víða. Þetta er verkefni sem er ákveðið að "ofan" og söfnin verða að taka þátt. Þetta geta t.d. verið bókmenntalegir göngutúrar, dagskrár fyrir erlenda ferðamenn t.d. upplestur úr íslenskum skáldritum eða Íslendingasögum í þýðingum, sýningar á kvikmyndum sem gerðar hafa verið eftir skáldsögum. Það er ætlast til að Borgarbókasafn auglýsi sig og þjónustu við ferðamenn og þýðir ekkert að færast undan.. Enda kannski í raun nauðsynlegt að vera þátttakandi í að byggja upp stækkandi atvinnuveg, ferðaþjónustuna. Mörg bókasöfn hafa nú þegar sett sér markmið og leiðarljós. En áherslur eru mismunandi milli bæja og byggðarlaga. Í Hafnarfirði er t.d. lokaður lestrarsalur auk fjölnotasals þar sem er lesaðstaða á álagstímum. Enginn lestrarsalur er í nýju aðalsafni Borgarbókasafns (og raunar ekki í neinu safni), því aðsóknin var orðin nánast engin á gamla staðnum. Þetta er gott dæmi um mismunandi áherslur. Svona breytast aðstæður. Í Borgarbókasafni eykst t.d. aðsókn eldra fólks sem er í endurmenntun.

Starfsmenn eru dýrmætasta auðlind safnanna – hvernig er hægt að gera þá sem hæfasta? Með símenntun, sem er ein mikilvægasta fjárfesting safnanna. Starfsmannaveltan er lág, meðalaldur bókavara há. Kynjaskipting ójöfn. Er þetta slæmt?, spurði Anna. Hún ræddi einnig um skiptingu viðskiptavina. Halda þyrfti jafnvægi með því að höfða til allra hópa, t.d. karla og eldri unglunga. Í aðalsafni Borgarbókasafni er skipting kynjanna meðal viðskiptavina hnífjöfn en í öðrum söfnum er hún „hefðbundin“ þ.e. 60% konur og 40% karlar.

Anna taldi að gott væri að hafa ráðgjafarnefndir bókasöfnum til fulltingis í verkefnavali og á ýmsum stigum starfseminnar, til að fá ferskar tillögur.

Er hægt að búa til heildarstefnu? Hægt væri að kalla hana yfirlýsingu forstöðumanna almenningsbókasafna, en hún yrði aldrei skuldbindandi fyrr en hún væri búin að fara sína leið gegnum stjórnsýsluapparatið. Hins vegar væri hægt að nota hana sem vinnuþagg.

Anna dreifði blaði með Menningarstefnu Reykjavíkurborgar, Leiðarljósum Borgarbókasafns og drögum að samþykkt fyrir Borgarbókasafn..

### **Hulda Björk Þorkelsdóttir forstöðumaður Bókasafns Reykjanesbæjar:**

Framtíðarsýn almenningsbókasafna birtist fyrst á prenti 1996, í bæklingi menntamálaráðuneytisins: Í krafti upplýsinga. Ríkisstjórnin fylgdi henni eftir í framtíðarsýn sinni um upplýsingasamfélagið og Alþingi staðfesti hana með lögum um almenningsbókasöfn. Hulda las upp þessa framtíðarsýn, þar sem almenningsbókasöfn hafa fengið aukið hlutverk í upplýsingasamfélaginu. Samt hafa þau ekki fengið auknar fjárveitingar nema 20 milljónir sem fylgdu í bráðab.ákvæði laganna

Frankvæmd framtíðarsýnarinnar og stefnumótun er varanlegt þróunarverkefni en ekki átaksverkefni með upphaf og endi, segir ríkisstjórnin. Huldu Björk finnst vera vor í málefnum almenningsbókasafna, söfn eru að flytja í nýtt húsnæði víða og eru með góðan búnað. Hlutverk almenningsbókasafna hefur aukist gegnum upplýsingamiðlunina, menntun ofl. En almenningsbókasöfn eiga að gera allt fyrir alla nú sem áður. Sótt er að söfnunum úr öllum áttum og stundum er ekki hægt að aðstoða viðskiptavininn. Það er ekki framtíðarsýnin.

Þurfa söfnin kannski að hafa ákveðna sérhæfingu? hvaða? Eða þurfa þau að vera nútímalegri, "poppaðri"? Þetta vekur til umhugsunar. Eru nýjungarnar í fyrirrúmi og hefðbundna starfsemin á bakvið? Nei, hlutverkið hefur aukist. Auk þess að vera miðstöð menningar, fróðleiks og afþreyingar koma ný verkefni: netkaffi, nýbúar, fjarmenntun ofl., og úti á landi eða í minni bæjarfélögum upplýsingamiðstöðvar. Enda engin stofnun betur til þess fallin í litlum samfélögum en bókasöfnin. En þetta tekst ekki nema með samvinnu og samræmingu, eins og t.d. vefbókasafnið og nám í bókasafnstækni. Nú þarf að huga að nýbúum og reyna að koma á samvinnu safnanna í þjónustu við þá. Ekkert þýðir að biða eftir heildarstefnumótun að ofan, heldur þarf að drífa í þessu og gera samkomulag um samvinnu. Þar á LH að vera leiðandi og skipuleggja samstarf m.a. við mótun heildarstefnu

### **Marta Hildur Richter forstöðumaður Bókasafns Mosfellsbæjar:**

Við erum alltaf að spyrja sömu spurninganna, ár eftir ár. En svörin eru síbreytileg. Undiraldan nú er umræðan um upplýsingasamfélagið - upplýsingatækni.

Hið síbreytilega samfélag er í raun stórkostleg áskorun fyrir bókasöfnin. Kröfur um "lifelong learning" verða æ mikilvægari. Söfnin þurfa að mæta þessu. Hlutverk þeirra og verkefni í upplýsingasamfélaginu eru ekki nógu rækilega skilgreind. Við bókaverðir rekum einskonar menningarheimsvaldastefnu - culture imperialism. Grunnhlutverkið er samt alltaf að safna saman, skrá og gera aðgengilegt. Það er í raun ekki okkar að framleiða efni, heldur leiðbeiningar um leiðir að efninu. Stundum eru skilin samt óljós þar á milli.

Kröfur um símenntun bókavarda eru miklar. Mjög mikilvægt er að bókaverðir eigi kost á símenntun og endurmenntun, því starfið breytist hratt í upplýsingasamfélaginu. Hið nýja nám sem verið er að skipuleggja skilar væntanlega nýju og hæfu starfsfólki inn á söfnin. Gömlu góðu bókaverðirnir ættu einnig að auka hæfni sína með þessu námi.

Þekkingarstjórnun er nokkuð sem öll bókasöfn ættu að taka upp.

Safngögn breytast ört og krefjast meira pláss svo og fullkomnari og dýrari tækja og tækni.

Notast er æ meir við rafræn gögn í upplýsingaþjónustu og söfnin eru hætt að reyna að "dekka" efnissvið með safnefni eingöngu.

Hugmynd um vaktaskipti almenningsbókasafna í upplýsingaþjónustu er ekki ný af nálinni, en góð. Samvinna safna er grundvallaratriði í góðri bókasafnsþjónustu. Annars vegar geta söfn haft með sér samvinnu og hins vegar gert með sér þjónustusamning á mörgum sviðum. Eitt dæmi er áður nefndur samningur milli Reykjavíkur, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Ekki var viturlagt að leggja til 22 umdæmissöfn landinu, það verður aldrei að veruleika. Almenningsbókasöfn framtíðarinnar munu vonandi verða lifandi menningarmiðstöðvar og rafrænar upplýsingamiðstöðvar í samstarfi við önnur söfn og sem flestar stofnanir, fyrirtæki, félög og einstaklinga.

### Í umræðum kom m.a. fram eftirfarandi:

Rætt var hvort þyrfti sérstaka stefnu fyrir hverja safnategund, eða hvort hlutverk safnanna væru að líkjast. Einnig það hvar væri snertiflötur milli LH og almenningsbókasafna annar en skráningin. Almenningsbókasöfnin ættu að vera ráðgefandi í þessum málum. Sigrún Klara óskaði eftir umræðu um þetta.

Lýst var stöðunni í Hafnarfirði, hún væri svipuð og í Reykjavík hvað varðar samvinnu bókasafnsins við aðrar menningarstofnanir, á sviði ferðamála o.fl. Stuðla ætti að starfsemi skólasafna og samvinnu þeirra við almenningsbókasöfnin og bæta hana.

Anna Sigríður lýsti vinsældum lesstofunnar í Bókasafni Hafnarfjarðar, sérstaklega á próftímum. Hún sagði að mikilvægt væri að hlúa að sérkennum hvers safns. Fram kom að úti á landi væru mörkin milli safnategunda oft óljós og bókasöfnin gegndu oft hlutverkum allra safnategunda. Fram kom að söfnin leituðu mikið eftir samvinnu innan sveitarfélaganna við skóla og aðra sem hafa sama rekstraraðila. Hins vegar væru oft hindranir í samvinnu við t.d. stofnanir sem ríkið rekur.

Það kom fram að ríkisbókavörður skipti miklu máli, og einnig fjárveiting til þess að vinna verkefni við stefnumótun og skipulag samvinnu. Eyrnamerkja þyrfti upphæð sem væri ætluð í þróunarverkefni á landsvísu. Það fé yrði að koma úr ríkissjóði.

**Marta Hildur** sagði frá fyrirætlunum í Mosfellsbæ um upplýsingamiðstöð þar sem bókasafn, skjalasafn, upplýsingafulltrúi bæjarins, staðardagskrárfulltrúi og atvinnu- og ferðamalafulltrúi bæjarins sameinist í öflugri upplýsingaþjónustu. Hvað varðar þjónustu við viðskiptavinum, sagðist Marta líta á þann hóp sem þrískiptan og í forgangsroð:

1. almenningur sem ekki hefur aðgang að öðru safni,
2. grunnskólanemar,
3. framhaldsskólanemar,
4. háskólanemar.

Í Vestmannaeyjum veitir forstöðumaður 3 söfnum forstöðu. skjala-, minja- og bókasafni. Þjónustusamningur við skólana hefur verið í gildi í nokkur ár. Einnig er safnið verktaki í fræðasetri Háskóla Íslands og góð samvinna er við framhaldsskólann.

Fram kom að forstöðumenn eru fúsir til samstarfs, og sagðist landsbókavörður vera það einnig. Lagt var til að vinnuhópur yrði settur í að finna fólk til að marka stefnu

Sigrún Klara bauð forstöðumönnum að koma á málþing um hlutverk LH sem átti að halda daginn eftir. Einnig nefndi hún að til stæði stefnumótunarvinna í byrjun júní þar sem þátttakendur yrðu starfsfólk Háskólans, almenningur, fólk frá atvinnulífinu, fólk sem hefur þekkingu á Evrópusamningum, fréttamenn ofl.. Þá væri æskilegt að hafa einn úr röðum forstöðumanna almenningsbókasafna, ekki beint fulltrúa þeirrar safnategundar, heldur einhvern með frjóar hugmyndir og skoðanir. Þessum hópi væri ætlað að móta framtíðarsýn sem hægt væri að vinna verkefnaáætlanir eftir. Þetta er brýnt verkefni, því erfitt væri að vinna án forgangsroðunar og stefnumótunar.

## Kaffihlé.

### Sorgin og bókasafnið.

Sigurbjörg Björnsdóttir bókasafnsfr. og sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur:

Stofnað hefur verið gagnasafnið Líkn sem er rafrænt gagnasafn um sorgarferli, dauða og erfiða lífsreynslu, ætlað almenningi og fagfólki. Vefslóðin er <http://www.bokasafn.is/likn> og verður síðar á þessu ári <http://www.likn.is> Í samstarfshópi sem vinna skal að rekstri gagnasafnsins eru sjúkráhusprestarnir sr. Bragi Skúlason og sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir Líknardeildar Landspítala og 4 bókasafnsfræðingar, Jón Sævar Baldvinsson, Kristín H. Pétursdóttir, Sigurbjörg Björnsdóttir og Stefanía Júlíusdóttir.

Þörf fólks fyrir umfjöllun um sorgina og staðsetja sína eigin sorg, finna samsvörun, hún hefur ekki breyst. Syrgjendur leita mjög mikið inn á bókasöfn en ákaflega fátt er til eða óaðgengilegt. Samtökin sorg og sorgarviðbrögð hefur staðið fyrir mörgum fræðslunámskeiðum og gefur út tímaritið Ný dögum.

Í fyrra var málþing um sorg í íslenskum veruleika. Ekki eru færri en 20.000 syrgjendur í landinu árlega, en þeir leita ekkert endilega allir aðstoðar. Syrgjendur þurfa stundir með sjálfum sér, ekki er hægt að deila öllu með öðrum, því er mjög mikilvægt að hafa aðgang að réttum og hentugum upplýsingum.

Gagnasafnið byggir á heimildaskrá Sigurbjargar Björnsdóttur, sem er verkefni hennar í bókasafnsfræði. Markmiðið er að veita fólki greiðari aðgang að upplýsingum og veita upplýsingar um þjónustuaðila. Efnið er á íslensku, og er í formi tímaritsgreina, bóka, bókarkafla, bæklinga, og upplýsingar um stofnanir. Einnig er efni eftir sérfræðinga og viðtöl við almenning. Seinna er áformað að bæta við tónlist, ljóðum ofl. Sigurbjörg er einnig að vinna efni sem höfðar til barna. Hún sagði frá því hvernig hún skráir heimildir og sýndi dæmi. Á forsiðu gagnasafnsins er sagt frá því að ritin fáist á almenningsbókasöfnum. Það er því mikilvægt að söfnin eigi efnið og að það sé sýnilegt.

Fundarmenn voru mjög ánægðir með þetta framtak. Mikið er leitað til safna eftir svona efni. Ný dögum, samtök um sorg og sorgarviðbrögð dreifir samnefndu tímariti. María Ágústsdóttir héraðsprestur í Háteigskirkju hefur umsjón með því.

Bragi sagði frá því að ekki er mikið um rannsóknir í þessum efnisflokk, en hann er sjálfur að undirbúa rannsókn á stöðu ekkla.

Stungið var upp á því að söfnin gerðu lista yfir það efni sem þau eiga og létu liggja frammi á heilsugæslu, skólum, leikskólum, safnaðarheimilum og etv víðar; vísa þá einnig í slóðina. 30. maí er málþing í Bústaðakirkju um dauða og sorg í lífi barna. Þar mun liggja frammi listi yfir hentugt efni fyrir börn.

### Fundi slitið um kl. 17.00

Var nú stigið upp í rútu og haldið í Dalsreisu. Leiðsögumaður var Helga Jónsdóttir frá Reykjum í Mosfellssveit, deildarstjóri og næstráðandi í Bókasafni Mosfellsbæjar.

Farið var á slóðir Egils Skallagrímssonar og Halldórs Laxness. Sagt frá bæjum, staðháttum og fólki. Stuttur stans í Mosfellskirkju og lesið úr Innansveitarkroniku. Síðan var ekið að eyðibýlinu Bringum, gengið að Helgufossi og léttar veitingar þagnar. Komið við í Helgadal í bakaleiðinni. Veðrið lék við ferðalanga og létt var yfir mannskapnum.

Í Hlégarði tók bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Jóhann Sigurjónsson, á móti ferðalöngunum og þar var snæddur kvöldverður í boði bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

### Föstudagur 3.5. 2002 - eftir stutt innlit og kaffisopa í Bókasafni Mosfellsbæjar

#### Bækur og kennsla barna með annað móðurmál en íslensku.

Hulda Karen Daníelsdóttir kennsluráðgjafi:

Hulda fór yfir reglugerðir og lýsti stöðunni í kennslumálum nýbúa. Stundum er vilji foreldra lítill, og þótt börnin haldi við "daglega" málinu, þá vantar þau hugtakaskilning og skólamálið.

Í Hjallaskóla í Kópavogi er sk. móttökudeild og þar er kennsla í fjölmörgum tungumálum. Flestir nemendur af erlendum uppruna eru í Hafnarfirði. Úti á landsbyggðinni eru 36 tungumál töluð af börnum, en hóparnir eru misstórir. Móðurmálskennsla var í Miðstöð nýbúa, en sú miðstöð hefur verið lögð niður. Nú er starfrækt Alþjóðahús í staðinn. Sótt var um styrk til að annast móðurmálskennslu en hann fékkst ekki, svo nú er engin kennsla þar. Foreldrar hafa þurft að borga fyrir móðurmálskennsluna, og það gæti valdið því að þeir veigra sér við að senda börnin í þessa kennslu. Þarf að varast það að börn verði "hálfyngd", þ.e. kunni hvorugt málið vel.

Hulda Karen útskýrði tvítyngi og nefndi mörg dæmi til skýringar. Hún talaði um máltöku 1. og 2. máls og lýsti því að það væri ekki sama að læra talað mál eins og að ná færni í rituðu máli. Einnig þarf að kenna "menningarfærni", þ.e. hvernig á að hegða sér við ákveðnar aðstæður eins og t.d. heilsa fólki, t.d. forsetanum.

Hún talaði um námskrá, starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík og fleiri atriði sem tengjast framtíðarsýn og kom þá inn á svið bókasafna. Í reglugerðum er talað um að börnin eigi að halda áfram að þróa námsþroska og efla læsi, en þegar þau hafa ekki kennslubækur á sínum eigin tungumálum er erfitt að uppfylla þær kröfur.

Hulda Karen talaði um að nauðsynlegt væri að hafa "móðurstöðvar" eða sérhæfingu safna í tungumálum. Safna þarf bókum á hinum ýmsu tungumálum, og það væri m.a. hægt að gera með því að sækja um styrki til kaupa og óska eftir gjöfum. Hins vegar gæti skráningin orðið erfið og flókin, sérstaklega þar sem er allt annað stafróf.

Hún sagði frá því að Jóhann á Ísafirði f.h. bókasafnsins þar og Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum hefðu fengið styrk til að vinna einhvers konar umritun thaíslensku-íslensku vegna skráningar. Vinna þyrfti samkomulag um samstarf, og að því kæmu forstöðumenn bókasafna, Fræðslumiðstöð, Skólasafnamiðstöð, Alþjóðahús, Fjölmenningarsetur á vestfjörðum, Alþjóðastofa á Akureyri og jafnvel fleiri.

Andrea upplýsti á þessu stigi að Bibliotekstjást í Svíþjóð dreifir bókum á öllum mögulegum málum og hægt er að nálgast umsagnir um bækur hjá þeim einnig og jafnvel skráningu. Mikill kostur og sparar mikla vinnu.

Hulda Karen fór þá yfir drög að samkomulagi um samstarf til að koma til móts við móðurmálsþarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku á grunn- og framhaldsskólastigi. Markmiðið er að safna kennslubókum og öðrum bókum á fjölmörgum tungumálum, skrá og geyma bækurnar og dreifa þeim, mynda móðurstöðvar, afla styrkja, taka á móti erlendum gestum, taka á móti bókaöfnum og vinna með skólasöfnum. Skilgreina þarf hlutverk hvers samstarfsaðila. Þessa hugmynd skilur Hulda Karen eftir til umræðna: Er hægt að gera þetta?

Fundarstjóri vísaði þessu áfram og voru fundarmenn sammála um að svona samstarf væri mikil nauðsyn og full þörf á að finna einhvern grundvöll.

### **Samstarf og samskipti við bókasafns- og upplýsingafræðiskor HÍ.**

Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Ágústa Pálsdóttir:

Jóhanna og Ágústa dreifðu kynningarbæklingi um nám í bókasafns- og upplýsingafræði. Jóhanna kynnti félagsvísindadeildina og nám í bókasafns- og upplýsingafræði og sagði frá námskeiði um almenningsbókasöfn og talaði um samstarf við almenningsbókasöfnin í landinu.

Námsleiðir í bókasafns- og upplýsingafræði eru sjö.

námskeið um almbs. Jóhanna talaði um námskeiðið um almenningsbókasöfn, sem væri mjög mikilvægt, en ekki hefði tekist að fá kennara til að kenna það síðan á haustmisseri 1996. Nú er búið að fá Fullbright-kennara sem sér um þetta námskeið á haustmisseri 2002, en það er Andrea Wyman frá California University of Pennsylvania, og er þessi tilhögun skorinni að kostnaðarlausu. Fullbrightstofnunin kostar þessa kennslu og námskeiðið verður opið öllum. Starfsmenn almenningsbókasafna geta tekið þátt í því. Andrea þessi hefur sent markmið og námskeiðslýsingu:

Að kynna nemendum hvaða hlutverki almenningsbókasöfn af mismunandi gerðum og stærðum gegna í þjóðfélaginu og búa þá undir störf í slíkum söfnum.

Saga almenningsbókasafna og staða þeirra í dag.

Lög og reglugerðir sem tengjast almenningsbókasöfnum.

Stjórnun almenningsbókasafna.

Skipulag almenningsbókasafna, búnaður, val safngagna, vinna með börnum og unglíngum og menningarstarfsemi.

Áherslan er á almenningsbókasöfnum í bæjum og eins úti á landi.

Jóhanna óskaði eftir því að einhver forstöðumanna kæmi inn í kennslu, slíkt væri mjög vel þegið. Reynt væri að setja upp námskeið, t.d. þar sem umsjón væri í höndum fasts kennara og svo gætu ýmsir aðilar komið inn og aðstoðað við kennsluna. Mjög algengt væri að fleiri en einn eða tveir skipti með sér kennslu í svona námskeiðum.

Spurt var hvort hægt yrði að fá Andreu Wyman til að kenna einhverjum hópum umfram þetta námskeið, t.d.

starfsmönnum almenningsbókasafna, og taldi Jóhanna það möguleika, en tala þyrfti um það við Anne Clyde sem verður næsti skoraformaður.

Anna Sigríður í Hafnarfirði sagðist hafa verið í sambandi við þessa konu og bauðst til að ræða þessi mál við hana.

Spurt var hvort fyrirhugað væri að hefja fjarnám í bókasafns- og upplýsingafræði og töldu þær Jóhanna og Ágústa það möguleika, eða amk kannski hluta af því, sumt væri ekki hægt að hafa í fjarkennslu, t.d. hópavinnu. En þetta væri fyrst og fremst peningaspursmál, og væri á umræðustigi. Fram kom að möguleikinn á fjarnámi væri mikilvægur fyrir starfandi bókaverði úti á landi og fundarmenn lýstu sig tilbúna til að borga það sem sett væri upp fyrir fjarnámið.

Það kom fram að ef fundur forstöðumanna ályktaði um þetta og þrýsti á ráðamenn gæti það breytt stöðunni verulega.

Óskað var eftir því að skorin aðstoðaði við ályktanagerð og framkvæmd. Deildarforseti þarf að fá bréfið og afrit sent til rektors, menntamála- og fjármálaráðuneyti. Í þeirri ályktanagerð þyrfti m.a. að koma fram hve bókasafns- og upplýsingafræði hefði gjörbreytt undanfarin ár og væri í stöðugri þróun. Eins þarf að benda á að víða um land er fólk

sem á erfitt með að koma til Reykjavíkur til endurmenntunar og því mikilvægt að geta stundað fjarnám. Svona ályktun á vel við stefnu fyrrverandi menntamálaráðherra og fjarkennsla er hátt skrifuð.

Rætt var um annað samstarf; náms- og vettvangsvinnu nema. Nemar verða að fá tækifæri til að kynnst ólíkum safnategundum og vinnu á safni. Það er ekki síður hagur safnanna að fá inn nemendur og eiga skoðanaskipti við þá. Vegna niðurskurðar var námsvinnan lögð af, því greiða þurfti fyrir nemana. Jóhanna lagði áherslu á gagnkvæm not og óskaði eftir skoðunum á þessu. Hún hafði sent nokkrum forstöðumönnum á höfuðborgarsvæðinu bréf með ósk um samstarf. Því fylgdi afrit af samningi milli Kennaraháskóla Íslands og Bókasafns- og upplýsingafræðiskor.

Nokkrir lýstu ánægju sinni með námsvinnuna, hún hefði haft jákvæð áhrif á starfsmannahópinn, og allir starfsmenn komi að þessari þjálfun. Greiðsla væri ekki aðalatriði, enda væri fólk hvort eð væri í vinnunni.

Í Norræna húsinu var nemi frá Tromsø í 6 vikur. Þetta skapaði mikla aukavinnu en einnig mikil inspirasjón að heyra um námið þar og ýmis viðhorf.

Upplýst var að námsvinna gegn greiðslu hefði verið tekin upp vegna þess að Háskólinn gæti ekki gert kröfur um faglega þjálfun fagmenntaðra starfsmanna bókasafna ef ekki væri greitt fyrir. Um þessi mál þyrfti að gera samning og sinna vel. En það mætti ekki verða kvöð, þannig að söfn gætu færst undan ef það hentaði ekki á einhverjum tíma.

Jóhanna varpaði upp tillögum um samstarfið:

- að taka á móti hópum nemenda í heimsókn hluta úr degi,
- að taka einstaka nemendur í vettvangsnám í eina viku í senn,
- að veita upplýsingar nemendum sem ynnu rannsóknarverkefni um starfsemina
- að bjóða nemendum upp á að vinna rannsóknarverkefni sem yrði hluti náms þeirra með aðstoðarumsjón starfsmanns sem skorin samþykkir.

Hvað varðar nema sem er að vinna lokaverkefni þá er ákvæði í lögum að leiðbeinandi verður að vera fastur kennari, en hægt er að fara framhjá því ef um er að ræða starfsmann á safni sem er með masterspróf.

Jóhanna varpaði síðan upp bréfinu til forstöðumanna og samstarfssamningi við menntasmiðju KHÍ, m.a. undirritað af Kristínu Indriðadóttur. Samningurinn er ritaður á bréfsefni KHÍ og drögin komu frá Kristínu. Jóhanna óskaði síðan eftir því frumkvæði að því að gera drög að svona samningi kæmi frá forstöðumönnum og vildi fá um það tölvupóst ef áhugi væri á svona samstarfi.

Fundarmenn fögnuðu þessu. Þá kom fram að mikilvægt væri að nemar færu út á landsbyggðina í námsþjálfun. Þeir nemar skila sér oft í söfnin. Forstöðumenn úti á landi voru hvattir til að taka þátt í svona samstarfi.

## **Matarhlé**

Á undan næsta dagskrárlið var tveimur tilkynningum lætt inn:

Bragi förubangsi óskaði eftir að fá að heimsækja einhvern. Hlíf í Hveragerði bauð sig fram og síðan Bessastaðahreppur.

Helga Ólafsdóttir kvaddi sér hljóðs og bauð bókavörðum að Digranesvegi 5, Kópavogi, þriðjudaginn 7. maí, milli 16 og 18. Blindrabókasafnið er 20 ára og hefur af því tilefni opið hús.

## **Bókasafnstæknanám**

Pálína Magnúsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála:

Upplýsing sótti um styrk í október árið 2000 til að undirbúa nám fyrir ófaglært starfsfólk í bókasöfnum. Námskráin er aðgengileg á neti menntamálaráðuneytisins sem hluti af Aðalnámskrá framhaldsskóla: Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Námssefni þarf að byggja upp frá grunni, því þetta er nýtt nám. Nokkur styrkur hefur fengist til námsefnisgerðar. Ætlunin er að fá bókasafnsfræðinga til námsefnisgerðar fyrir hvern áfanga og að einn úr hópnum verði verkefnisstjóri/ritstjóri. Verið er að skoða málið.

Áhugahópur um menntun ófaglærðra bókavarda hefur unnið að undirbúningi. Hann skipa nú Þórdís T. Þórarinsdóttir, sem er verkefnisstjóri, Hulda Björk Þorkelsdóttir, Marta Hildur Richter, Pálína Magnúsdóttir og Áslaug Agnarsdóttir. Vonast er til að hægt verði að hefja námið með haustinu. Fyrst verður samið námsefni fyrir Safnafræði (BST 105). Samvinna er við Borgarholtsskóla og fyrirkomulagið verður fjarnám. Borgarholtsskóli fjárfestir í búnaði svo það verði unnt og stýrir þessu fjarnámi. Nemar og kennarar hittast nokkrum sinnum meðan á námi stendur. Upplagt að gera ráð fyrir þessu undir kostnaðarliðum við símenntun. Rætt hefur verið að nota heitið upplýsingatækni í stað bókasafnstækni, sem þrengir hópinn of mikið.

Rætt var hver þörfin væri fyrir svona nám handa starfsfólki bókasafna og hvort þeir hefðu áhuga á því. Fram kom að þetta nám er ekki viðbót við bréfanámið sem Bréfaskólinn var með fyrir nokkrum árum. Þá var því velt upp hvort svona nám yrði metið til launahækkana og kom fram að starfsmenn safna sem hafa símenntunaráætlanir hækka í launum

eftir því sem þeir bæta við sig. Hægt væri að sækja um styrk í starfsmenntunarsjóði, og ætti starfsmaður að gera það sjálfur, t.d. styrk vegna ferðakostnaðar. Yfirleitt væri svo gert ráð fyrir því að vinnuveitendur greiddu námskeiðsgjald og starfsmaður stundar námið í vinnutímanum.

Spurt var hvað ætti að benda starfsmönnum á að skoða og var talað um grein í Bókasafninu og síðan ætlar Pálína að senda viðeigandi hluta inn á finu, en það eru 4 námskeið sem snerta bókasöfnin og eru hluti af braut í framhaldsskólum í fjölmiðla- og upplýsingafræði.

### **Spurningavagn Gallup - niðurstöður**

Margrét Ásgeirsdóttir:

Gallup tók tvær spurningar um bókasafnaþjónustu inn í könnun í apríl 2002, að ósk félags forstöðumanna almenningsbókasafna, til að kanna viðhorf til þjónustu almenningsbókasafna. Margrét dreifði niðurstöðunum, og minnti á að þær nýttust vel í starfi. Spurningarnar voru:

1. Hefur þú/einhver á heimilinu nýtt þjónustu almenningsbókasafna sl. 12 mánuði? Já svörður 75%, nei 25%
2. Hvaða þjónustu eiga almenningsbókasöfn að veita? Nokkrir möguleikar voru í boði og undir liðnum annað gat fólk tiltekið hvað það vildi. Niðurstöðurnar voru mjög athyglisverðar, en flestir nefndu þó útlán á bókum.

Margrét hvatti nýja stjórn félagsins til að kynna þessa könnun og niðurstöðurnar og vinna úr þeim. Hún setur þær inn á finu. Einnig þyrfti að kynna þær í fjölmiðlum.

### **Starfshópur um eflingu menningar/menningarmála á landsbyggðinni**

Gísli Sverrir Árnason:

Gísli gerði grein fyrir skýrslu með tillögum starfshópsins, aðallega því sem snýr að bókasöfnum. Eintök af skýrslunni er hægt að fá hjá menntamálaráðuneytinu.

Starfshópurinn starfaði í um 6 mánuði og skiptist skýrslan í nokkra meginkafla. Í þeim fyrsta er fjallað um stefnumótun. Þar er skorað á sveitarfélög að kjósa menningarmálanefndir sem svo móti stefnu í menningarmálum. Í kjölfar þess er auðveldara að leita til ríkis og ráðuneyta um að efla menningarmál.

Í tillögunum er minnst á menningarnet, þjóðmenningarstofnanir og menningarstarf fyrir ungt fólk. Einnig er talað um eflingu safna: almenningsbókasöfn eru menningarmiðstöðvar og stundum listasöfn. Litið er á Þjóðminjasafn og byggðasöfnin sem eina heild og Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn einnig. Ekki gildir sama um Landsbókasafn-Háskólabókasafn og önnur bókasöfn í landinu.

Lagt er til að sveitarstjórnir nýti almenningsbókasöfnin í ríkara mæli, t.d. fái þau ný hlutverk við fjarkennslu ofl. Gísli hvatti fundarmenn til að vísa í skýrsluna þegar verið væri að leita til sveitarstjóra um styrki oph.

Ein af tillögunum er um þróunarsjóð bókasafna sem er sérstaklega hugsaður fyrir almenningsbókasöfnin og er athyglisverður.

Lokakafli skýrslunnar fjallar um fjölgun starfa. Það þarf að efla störf á söfnum og í menningargeiranum.

Menningartengd ferðaþjónusta er lausnarorðið í dag og á fullt erindi inn í bókasöfnin. Lokaorðin voru: Við skulum vera virkir þátttakendur í menningarstarfi almennt, líta á okkur sem hluta af atvinnugrein, ekki vera stöðugt í hlutverki þiggjanda, hafa frumkvæði og áhrif.

### **Könnun á menningarneyslu Íslendinga**

Geir Rögnvaldsson:

Hagstofan lét gera könnun á fjölmiðlun og menningu. Geir hefur "túlkað" niðurstöðurnar og fjallað um þær í ritgerð við háskólann í Lundi. Niðurstöður Geirs eru á vef menntamálaráðuneytisins: Hagtölur úr menningargeiranum. Hann varpaði upp fjölmörgum línuritum með yfirliti um menningarneyslu á árunum 1988-1999.

Þar er margt athyglisvert, ekki síst sveiflur milli ára. T.d. hefur hlustun á sígilda tónlist aukist mikið á þessu árabili og hvert mannsbarn fer amk einu sinni á ári á sígilda tónleika. Um 67% af Íslendingum fara á bókasafn einu sinni á ári eða oftar og þeim fjölgar. Árið 1991 voru 51% sem sögðust aldrei fara á bókasöfn, en 1998 voru þeir 28,7%. Um 1991 tekur menningarneyslan kipp uppávið, bókasöfnin þó ekki fyrr en 1994-5. Skýringin á þessu gæti verið að árið 1991 varð verðbólgan næstum "eðlileg", þá er uppsveifla í þjóðfélaginu. Mjög há prósentu les bækur, tölurnar eru á bilinu 85-94% á þessu árabili. Bókaútgáfa hefur aukist á Íslandi meðan innflutningur bóka hefur minnkað.

Meðalaldur Íslendinga í menningarneyslu er 30 ár meðan hann er t.d. 38,9 ár í Svíþjóð. Hátt stig menningarneyslu einkennir borgarlíf frekar en dreifbýli og menningarneysla fylgir menntun. Menningarneyslan er fyrst og fremst í Reykjavík, enda sagði Geir að menningarmál væru önnur stærsta ástæðan fyrir því að fólk flytti af landsbyggðinni. Íslendingar horfa minna á sjónvarp en nágrannar okkar og áhorfið er nokkuð jafnt á þessu árabili. Áhorf tengist framleiðslu á innlendu efni og eykst í hlutfalli við það. Geir telur að gamla íslenska sveitmenningin (kvöldvökur ofl.)

skipti heilmiklu máli í þróun á neyslu menningar. Hann telur að hægt sé að lesa úr þessum tölum að ef yfirvöld taka ákvörðun um að breyta einhverju ástandi þá er það hægt. Einnig að ef vinnutími er mjög langur minnkar menningarneyslan. Um leið og verðbólga minnkar, vænkast hagur og menningarneysla eykst.

### **Marta Hildur sleit fundi uppúr kl. 15.**

Þá var óskað eftir því að forstöðumannafundur verði í tengslum við Landsfund sem verður í Reykjavík í haust.

Að lokum héldu margir forstöðumenn til Þorlákshafnar þar sem verið var að opna nýtt safn, Bókasafns Ölfuss.

### **Þátttakendur:**

Margrét Rebekka Gísladóttir Grindavík,  
Hulda Björk Þorkelsadóttir Reykjanesbæ,  
Anna Sigríður Einarsadóttir Hafnarfirði,  
Erla Lúðvíksadóttir Bessastaðahreppi,  
Oddný Björgvinsadóttir Garðabæ,  
Pálína Magnúsdóttir Seltjarnarnesi,  
Anna Torfadóttir Reykjavík – miðbæ,  
Erla Kristín Jónasdóttir Reykjavík – miðbæ,  
Ragnheiður María Adólfadóttir og Sólveig Arngrímsadóttir Reykjavík – Gerðubergi,  
Dóra Thoroddsen Reykjavík – Kringlunni,  
Áslaug Óttarsadóttir Reykjavík – Sólheimum,  
Lilja Ólafsdóttir Reykjavík – Grafarvogi,  
Marta Hildur Richter Mosfellsbæ,  
Halldóra Jónsdóttir Akranesi,  
Sunna Njáladóttir Grundarfirði/Eyrarsveit,  
Sigurlína Sigurbjörnsadóttir Stykkishólmi,  
Kristín Magnúsdóttir Bolungavík,  
Greta Kristín Ólafsdóttir Ólafsfirði,  
Anna Bára Hjaltadóttir Dalvík,  
Eyrún Ýr Tryggvadóttir Húsavík,  
Stefanía Gísladóttir Kópaskeri,  
Margrét Björnsadóttir Neskaupstað,  
Auður Valdemarsadóttir Eskifirði,  
Gísli Sverrir Árnason Höfn í Hornafirði,  
Lilja Magnúsdóttir Kirkjubæjarklaustri,  
Guðrún Einarsadóttir Laugarvatni,  
Nanna Þóra Áskelsadóttir Vestmannaeyjum,  
Gunnhildur Kristjánsadóttir Hvolsvelli,  
Margrét Ásgeirsdóttir Selfossi/Árborg,  
Hlíf Arndal Hveragerði,  
Andrea Jóhannsdóttir Norræna húsinu,  
Helga Ólafsdóttir Blindrabókasafni Íslands.